

I ALMENNAR UPPLÝSINGAR UM SKÓLANN

1. Byggingar skólans eru heldur í eldri kantinum en það kemur ekki á sök þar sem að aðstaða er öll til fyrirmyndar. Skólinn er staðsettur norðan miðbæjar Stokkhólms. Háskólagarðurinn er stór og gróðurvænn og er sérlega fallegur á vorin þegar trén eru farin að lafgast.
2. Deildunum er skipt gróflaga í þessar: Faculty of Humanities, Faculty of Law, Faculty of Science, Faculty of Social Sciences. Þessar deildir skiptast síðan í um það bil 80 innri deildir.
3. Nemendur við skólann eru rúmlega 50.000 með 6.000 starfsmönnum. Skiptinemar á hverri önn eru um 600.

II HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

Upplýsingar áður en haldið var af stað:

- Upplýsingar frá skólanum bárust ca. þremur vikum fyrir brottför. Á sama tíma voru sendar upplýsingar um fyrsta námskeið. Engin vandamál voru varðandi upplýsingar frá skólanum.

Visa framkvæmd og ferðatilhögun:

- Þar sem að Stockholm University er staðsettur í Svíþjóð eru engin vandamál fyrir Íslendinga varðandi Visa. Einnig eru samgöngur á milli Íslands og Svíþjóð í ágætu horfi þegar engin eldfjöll gjósa.

Akademískt dagatal:

- Á vorönn 2010 var fyrsti kennsludagur 18. janúar og önnin stendur til 5. júní. Kennsla hefst strax í byrjun en einnig eru kynningar fyrir skiptinema út fyrstu vikuna. Í þessum kynningum er farið yfir það helsta sem skiptinemar verða að huga að varðandi nám og einnig hvernig á að bera sig að í Stokkhólmi.
- Síðasti kennsludagur getur verið mismunandi eftir áföngum. Venjulega er síðasti kennsludagur nokkrum dögum fyrir lokapróf eða fyrir lokaverkefni og síðan nokkrir dagar gefnir til lestrar fyrir lokapróf.
- Í prófavíku er frí frá kennslu og nemendur geta einbeitt sér að lestri og lærdómi.
- Á vegum skólans eru ýmiss konar viðburðir. Bæði á akademísku stigi og einnig til skemmtunar. Á miðvikudögum hittast nemendur og þekkt er að einhverjir fái sér áfenga drykki til að lyfta sér upp frá daglegu skólaamstri.

Móttaka

- Við komu var strax farið í kynningar um skóla og borg. Allar upplýsingar voru tiltækar og starfsmenn frá flestum sviðum skólans voru á staðnum og héldu tölu yfir nýjum skiptinemum.
- Starfsmenn voru flestir vel undirbúnir og gátu aðstoðað nemendur á vegum sinna deilda. Nokkuð ljóst var að þetta var ekki þeirra fyrsta skipti og starfsmenn voru með nokkuð góð tök á hvers kyns málefnum.
- Fastir nemendur við skólann voru til staðar til að leiðbeina ráðvilltum skiptinemum. Stúdentafélagið var einnig til staðar og kynnti sína starfsemi.

Húsnæði

- Nemendur geta sótt um húsnæði á vegum skólans. Hins vegar getur skólinn ekki ábyrgst að allir nemendur fái húsnæði en við komu geta þeir sem ekki hafa fengið húsnæði skráð sig á þar til gerðan lista. Venjulega getur skólinn útvegað vel flestum húsnæði en ef ekki, benda starfsfólk nemendum á aðrar leiðir.
- Skólinn útvegar allar upplýsingar um húsnæði á vegum skólann. Upplýsingar eru gefnar á kynningum sem og í afgreiðslu deildarinnar sem sér um húsnæðismál. Einnig er hægt að nálgast kort af staðsetningu húsnæða og hvernig samgöngum til og frá þeim stöðum er háttað.
- Margar leiðir eru færar til að útvega sér húsnæði í Stokkhólmi án þess að vera á vegum skólans. Hins vegar þarf helst að vera búíð að útvega sér húsnæði fyrir brottför enda getur verið erfitt að landa húsnæði í Stokkhólmi. Þess vegna er nauðsynlegt að vera tímanlega í því að útvega sér húsnæði. Til dæmis er www.blocket.se góð síða til að finna sér húsnæði en sú síða er gífurlega vinsæl og má líkja við www.barnaland.is á Íslandi.

Kostnaður

- Kostnaður er mismunandi eftir því hvernig nemendur lifa. Óumflýjanlegur kostnaður er að sjálfsögðu leiga, matarkostnaður, bókakostnaður, (kaffikostnaður í skólanum), samgöngukostnaður o.fl. Við fall krónunnar hefur þessi kostnaður að sjálfsögðu hækkað töluvert og því er ekki ódýra að lifa í Svíþjóð en á Íslandi eins og fyrir fall krónunnar. Munaðarvörur eins og áfengi t.d. selt í smásölu í þar til gerðum búðum (Systembolaget) á vegum ríkisins. (Ath. á laugardögum lokar Systembolaget kl. 15.00). Kostnaður er breytilegur. eftir því hvaða bækur nemendur þurfa að kaupa í sínum áföngum, verslunum sem nemendur skipta við o.fl. Skólinn útvegar upplýsingar um ýmiss konar verslanir sem nemendur geta skipt við til að gera kjarakaup.

Alþjóðaskrifstofa

- Á vegum skólans er alþjóðaskrifstofa og tengiliður skiptinema er Ása Wennberg. Skrifstofan er liðleg við að aðstoða nemendur leiti þeir eftir því. Reynsla af alþjóðaskrifstofunni er ágæt og engin vandræði hafa komið upp.

Félagsleg afþreying

- Að sjálfsgöðu fer það eftir hverjum og einum hvernig þeir vilja taka þátt í félagslífi skólans og nemenda. Samband nemenda er gott að staðaldri og að sjálfsgöðu er þetta tilefni til að eignast nýja alþjóðlega vini. Sænska nemendur er að finna í áföngum skiptinema og eru þeir að staðaldri mjög liðlegir í að koma skiptinimum inn í sænska menningu (Karlkyns nemendum er bent sérstaklega á að koma sér í kynni við sænska kvennemendur, enda sænskar konur að staðaldri fagrar að yfirlitum).
- Stúdentafélag er rekið af nemendum við skólann. Allir nemendur eru skyldugir til að greiða félagsgjald í félagi hvort sem að þeir nýta sér það eður ei. Félagið stendur fyrir ýmis konar uppákomum og alltaf er eitthvað fyrir alla að gera. Skiptinemar eru hluti af því sem og þeir koma sér sjálfir upp skemmtunum sín á milli. Skiptinemarnir eru samheldin hópur og stunda fótbolta saman, fara á ströndina og upp í bústað sem og grillveislur eru viðburður sem oft er haldinn.
- Reynslan af skólanum er fín og ekki yfir neinu að kvarta. Flestir nemendur eru skemmtilegir og auðvelt að ganga um þá. Fólk úr ólíkum áttum sameinast og deila reynslu sinni og síðum.

Menning og tungumál

- Fyrir þá sem eru nokkuð vel að sér í enskri tungu geta auðveldlega átt í samskiptum við skólayfirvöld og aðra nemendur. Tungumálaleg samskiptakunnátta skapar ekki vandræði svo lengi sem nemendur eru óhræddir við að tjá sig.
- Hægt er að sækja sænskunámskeið fyrir byrjendur sem og fyrir lengra komna. Einnig er auðvelt að drekka í sig sænska menningu og möguleikarnir eru margir. En eins og með annað þarf stundum að teygja sig eftir hlutunum og nemendur frá Íslandi þurfa að vera opnir fyrir nýjungum. Ef fólk er opið og jákvætt er sænsk menning fljót að koma sér fyrir í hjörtum fólks.

Menningarleg og félagsleg áhrif frá skiptinemareynslu

- Öll reynsla þar sem að fólk þarf að fara úr þægilegri rútinu heimafyrir og takast á við breyttar aðstæður og nýjungar eru vanalega af hinu góða. Svíþjóð er ekki svo öðruvísi en Ísland að mjög auðvelt er að koma þaðan og finna sig velkominn í Svíþjóð. Reynslan úr skiptinámi á án efa eftir að koma sér að góðum notum til framtíðar. Félagsleg reynsla er einnig mikil enda hittir maður fólk úr mörgum áttum. Maður lærir mismunandi sýnir fólks á heiminn og hvernig aðrir líta á hlutina. „Skiptinám er gott og gilt, en fyrir alla muni verið þið stillt“ (Sæþór Fannberg, 26. maí 2010).

III AKADEMÍSKAR UPPLÝSINGAR

Kennslu aðstaða

- Kennsla fyrir skiptinema fer fram á ensku. Kennarar eru yfirleitt vel máli farnir í ensku og fyrir alla sem hafa ágæt tök á henni ná góðu sambandi við kennsluna.
- Kennsluaðferðir eru margt öðruvísi en í HR. Kennsla fer meira fram sem almennar umræður og vangaveltur heldur en að kennari gefi nákvæm svör. Nemendur þurfa oft að kafa sjálfir í aðal punkta námsefnisins.
- Kennslan er frekar uppsett með kenningum frekar en praktísku yfirbragði þar sem kennarar eru frekar að kasta fram alls konar hliðum á ýmsum spurningum án þess að tilgreina hvað er réttast eða hver þeirra skoðun er í flestum tilfellum.
- Kennarar beita mismunandi kennsluaðferðum. Sumir notast við glærur af skjávarpa, aðrir nota myndvarpa og sumir kjósa að nota engin sýnileg gögn. Flestir kennarar nota dómsmál eða atburði í daglegu lífi sem hlotið hafa heims athygli.
- Fjöldi verkefna er mismunandi eftir kúrsum, eins og gengur og gerist í HR. Almennur meðalfjöldi verkefna er væntanlega svipaður og í HR. Samband deilda og nemenda eru fín, þó getur verið erfitt í sumum tilfellum að ná fundi með aðstandendum deildanna.
- Nemendur eiga í góðu sambandi í kennslustofum. Oft á tíðum myndast mikill galsi í mannskapnum í hléum og oft er glatt á hjalla.

Nauðsynlegt lesefni

- Lesefni er á ensku og allt sem að tengist skiptinimum er á enskri tungu.
- Kennslubækur eru vanalega alþjóðlegar og gefnar út að viðurkenndum stofnunum. Kennslubækur eru því á viðurkenndu háskólastigi.
- Breidd kennsluefnis getur verið mismunandi. Oftast er kennsluefnið mjög breitt svið en farið nokkuð ítarlega í þá þætti sem skipta máli.
- Próf eru byggð bæði á kennsluefni og fyrirlestrum kennara.

Próf

- Próf eru skrifleg. Einnig gilda til einkunna verkefni, þar á meðal munnleg verkefni.

- Lágmarkseinkunnir á prófum geta verið mismunandi á milli deilda. Í lögfræðideild þurfa nemendur að ná 50%. Þess ber þó að geta að einkunnagjöf er mjög frábrugðin en því sem að viðgengst á Íslandi að því leyti að ekki er gefið einkunn á bilinu 1-10.

Annað

- Bókasafn skólans er stórt og gott. Aðstaða fyrir nemendur til að læra er góð. Einnig er mikið úrval af fræðiritum og akademískum gögnum.
- Aðgengi að tölvum fyrir nemendur er gott. Tölvur eru staðsettar á bókasafni og í sér tilgerðum tölvustofum. Þráðlaust net fyrir fartölvur er staðsett um allan skólann og samband fint á flestum stöðum.
- Kennarar beita mismunandi aðferðum og tækni við kennslu. Flestir notast við fyrirlestra á skjávarpa en aðrir og helst eldri kennarar nota útprentaðar glærur og varpa þeim á vegg með myndvarpa. Allir áfangar eru með heimasíðu þar sem hægt er að nálgast efni á vegum áfangans, glærur og upplýsingar.

Lýsing á áföngum

<i>Nafn áfanga:</i>	<i>Forsenda Próf</i>	<i>Aðalfaq í RU</i>	<i>Samþ. sem</i>
<i>Law & Economics I&II</i>	<i>Sjá neðar Skriflegt</i>	<i>Lögfræði Almenn</i>	
<i>Internat. Criminal Law</i>	<i>Sjá neðar Skriflegt</i>	<i>Lögfræði Almenn</i>	

Law & Economics (7,5 + 7,5 ECTS):

(Prerequisites for admission: Those eligible to apply for admission to this course are Swedish undergraduate law students with a minimum 100 credit points/150 ECTS credits, foreign undergraduate law students enrolled at Stockholm University and students with a minimum of 40 credit points/60 ECTS credits in economics).

Áfanganum er skipt í I og II. Fyrri áfanginn er á vegum hagfræðideildarinnar og seinni á vegum lögfræðideildarinnar. Hins vegar eru kennarar í hvorum hluta frá báðum deildum. Margir þættir áfangast ganga út frá hagfræðilegum sjónarmiðum og getur verið erfiður fyrir lögfræðinemendur með engan bakgrunn í hagfræði.

International Criminal Law (15 ECTS):

(Prerequisites for admission: Allowed to participate in the course are Swedish undergraduate law students with a minimum of 150 higher education credits. The course is also open to foreign undergraduate law students at Stockholm University. It is desirable that the applicants have already taken the general courses in criminal law and public international law).

Áfanginn lýtur að lögfræðilegum álitæfnum og framkvæmd á alþjóðalögum sem og alþjóðastofnana. Svipar nokkuð til þjóðarréttar sem kenndur er í HR en kafað er töluvert dýpra í hlutina enda gefur áfanginn 15 ECTS einingar. Getur verið snúinn áfangi vegna þeirra staðreyndar að alþjóðalög geta verið flókinn. Í áfanganum er stórt verkefni sem felur í sér munnlega kynningu á fyrirfram gefnu máli eða atburðum og greiningu aðstæðna.

Önnur reynsla

- Eins og haldið var fram hér að ofan felur skiptinám í sér gríðarlega mikla reynslu til framtíðar. Reynslan er fjölþætt, allt frá því hvernig er að læra í skólum erlendis, fóta sig í nýjum aðstæðum, kynnast fólki frá öðrum heimshlutum o.s.frv.

Sæþór Fannberg
saethor06@ru.is